

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Þegar um er að ræða rafrænan reikning, þ.e. reikning sem á uppruna sinn í rafrænu reikningakerfi skv. reglugerð nr. 505/2013, um rafræna reikninga, rafrænt bókhald, skeytamiðlun, skeytaþjónustu, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna reikninga- og bókhaldskerfa, skal reikningurinn uppfylla ákvæði III. kafla þeirrar reglugerðar.
- b. 6. másl. 3. mgr. orðast svo: Þegar um er að ræða rafrænan reikning skal ákvæði um frumrit, samrit og eintak í rétttri röð eða söluuppgjörsyfirlit teljast uppfyllt þegar farið er eftir ákvæðum III. kafla reglugerðar nr. 505/2013.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr.:

- a. 3. másl. 1. mgr. orðast svo: Frumrit kvittunar eða sölureiknings eða rafrænn reikningur skal liggja til grundvallar færslu á innskatti vegna innborgunar á viðskipti, sbr. 7. gr.
- b. 4. mgr. orðast svo: Ef seljandi gefur út rafrænan reikning og kaupandi er ekki með rafrænt bókhaldskerfi er prentað eintak rafræna reikningsins skv. III. kafla reglugerðar nr. 505/2013 innskattsskjal hans. Auk þeirra form- og efniskrafna sem gerðar eru í 1. mgr. skal á prentuðu eintaki rafræns reiknings koma fram að hann uppfylli kröfur reglugerðar nr. 505/2013.
- c. Í stað orðins „sölureiknings“ í 6. mgr. kemur: reiknings.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr.: Í stað orðanna „rafræns sölureiknings áritað um að hann sé úr rafrænu bókhaldskerfi“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: rafræns reiknings áritað um að hann sé úr rafrænu reikningakerfi.

#### 4. gr.

3. mgr. 32. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Um öryggisafrit rafræns bókhalds og rafrænna bókhaldsgagna fer skv. 11. gr. reglugerðar nr. 505/2013.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 23. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 14. júní 2013.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

*Elin Árnadóttir.*